

# Viðbótarlífeyrissparnaður til að greiða niður húsnæðislán og til húsnæðissparnaðar: Áhrif ávöxtunar

Eftir Arnald Loftsson

Eins og kunnugt er geta starfandi einstaklingar greitt skattfrjálst inn á húsnæðislán sín með iðgjöldum í viðbótarlífeyrissparnað tímabilið 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Skattfrelsið takmarkast við 4% framlag launþega og 2% framlag launagreiðanda en að hámarki

500 þús. kr. á ári hjá einstaklingum og 750 þús. kr. hjá samsköttuðum einstaklingum. Það þýðir að einstaklingar með 694.444 kr. mánaðarlaun eða hærri ná að nýta sér skattfrelsið að fullu og það sama gildir um samskattaða einstaklinga með að lágmarki samanlagt 1.041.667 kr. mánaðarlaun.

Þeir sem eiga ekki húsnæði geta hins vegar lagt fyrir í viðbótarlífeyrissparnað á sama þriggja ára tímabili og ráðstafað honum skattfrjálst upp í útborgun á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Þetta úrræði er hér kallað húsnæðissparnaður. Um húsnæðissparnaðinn gilda sömu hámarksfjárhæðir, en frestur til að ráðstafa honum til kaupa á íbúðar-



Arnaldur Loftsson

húsnæði rennur út 30. júní 2019. Renni fresturinn út án kaupa á íbúðarhúsnæði verður viðbótarlífeyrissparnaðurinn greiddur út í fyllingu tímans skv. almennum reglum og tekjuskattur greiddur af fjárhæðinni. Nánari upplýsingar um úrræðin er m.a. að finna á [www.arionbanki.is/](http://www.arionbanki.is/) leiddrettingin en þar er reiknivél sem sýnir hvaða áhrif það hefur á

viðbótarlífeyrissparnaðinn og á lánið að ráðstafa viðbótarlífeyrissparnaði inn á lán.

## Neikvæð ávöxtun getur takmarkað greiðslu inn á lán

Hjá vörsluaðilum séreignarsparnaðar eru fjölmargar fjárfestingarleiðir í boði með mismikilli áhættu. Sumar leiðanna hafa hlutfallslega hátt vægi hlutabréfa sem sveiflast oft mikið í verði. Þetta getur þýtt neikvæða ávöxtun til skemmri tíma en háa ávöxtun til lengri tíma. Í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á að iðgjöld sem ráðstafað er til að greiða inn á húsnæðislán eða í húsnæðissparnað ávaxtast í skamman tíma hjá vörslu-

» Um húsnæðissparnaðinn gilda sömu hámarksfjárhæðir, en frestur til að ráðstafa honum til kaupa á íbúðarhúsnæði rennur út 30. júní 2019.

aðila. Samkvæmt lögum sem gilda um úrræðin skulu vörsluaðilar ekki láta líða meira en þrjá mánuði á milli greiðslna inn á lán og ávöxtunartími húsnæðissparnaðar er 0-5 ár en það er skammur tími þegar lífeyrissparnaður á í hlut. Sagan kennir okkur að á tímabili sem varir skemur en fimm ár geta hlutabréf skilað neikvæðri ávöxtun. Vörsluaðilum er óheimilt að greiða ávöxtun iðgjaldanna inn á lánin eða sem útborgun upp í íbúðarhúsnæði en ávöxtunin situr eftir í séreignarsjóðnum sem eign sjóðfélaga. Neikvæð ávöxtun iðgjaldanna getur aftur á móti haft í för með sér að einstaklingar með laun sem eru jafnhá eða lægri en ofangreind mánaðarlaun ná ekki að greiða eins háar fjárhæðir inn á lánin eða sem útborgun upp í íbúðarhúsnæði og þeir ella hefðu gert. Einstaklingur með 694.444 kr.

mánaðarlaun nær t.d. ekki að greiða 500 þús. kr. á ári og nýta sér þannig skattfrelsið að fullu ef ávöxtun iðgjaldanna verður neikvæð áður en þau eru greidd inn á lánin. Enn liggur ekki ljóst fyrir hvort nýta megi jákvæða ávöxtun til greiðslu inn á lán ef fyrri greiðslur inn á lán hafa verið lægri en greidd iðgjöld vegna neikvæðrar ávöxtunar. Mikilvægt er að það verði skýrt í reglugerð.

## Breyta um fjárfestingarleið

Sjóðfélagar sem ætla sér að nýta annað eða bæði úrræðin ættu að kynna sér hvernig fjárfestingarleiðin sem iðgjöldum þeirra er ráðstafað í er samsett. Ef hátt vægi hlutabréfa fylgir fjárfestingarleiðinni gæti verið skynsamlegt að íhuga að greiða á umræddu þriggja ára tímabili í áhættuminni fjárfestingarleið þar sem vægi skuldabréfa og innlána er hátt. Með slíkrri breytingu minnkar verulega áhættan á því að ávöxtun verði neikvæð og ekki verði hægt að nýta skattfrelsið að fullu. Óþarft er að flytja þann viðbótarlífeyrissparnað sem hefur safnast fyrir 1. júlí 2014 í áhættuminni fjárfestingarleið því óheimilt er að nýta hann til að veita upp á móti hugsanlegri neikvæðri ávöxtun iðgjaldanna sem greidd verða á þriggja ára tímabilinu. Að

því tímabili loknu geta sjóðfélagar aftur greitt inn á áhættumeiri leiðir, kjósi þeir svo, í von um hærri langtímaávöxtun.

## Hagkvæm tilboð stjórnvalda

Ljóst er að tilboð stjórnvalda til starfandi einstaklinga um skattfrjálsa ráðstöfun viðbótarlífeyrissparnaðar inn á lán og í húsnæðissparnað eru hagkvæm og ættu flestir sem geta að nýta sér þau. Einstaklingar sem eru í fjárhagserfiðleikum ættu þó að hugsa sig tvisvar um því að viðbótarlífeyrissparnaður tapast ekki við gjaldþrot og þá er betra að hafa ekki hreyft við honum. Einnig er rétt að minna á að frá launatímabilinu júlí 2014 hækkar heimild starfandi einstaklinga til að leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað úr 2% í 4% af launum sem dragast frá skattskyldum tekjum. Mikilvægt er að ganga úr skugga um hjá vörsluaðila eða launagreiðanda að iðgjaldið hækki í 4% til að skattfrelsið nýstist að fullu. Hins vegar dugur einstaklingum með mánaðarlaun yfir 1.388.887 kr. og samsköttuðum einstaklingum með samanlagt yfir 2.083.333 kr. að greiða 2%.

Höfundur er framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins.

